

Verkefnastjórnun
Vor 2006
Þórður Víkingur Friðgeirsson

Þríhnúkar

Kynningarbæklingur



Anna Stella Guðjónsdóttir
Berglind Ósk Ragnarsdóttir
Guðrún Soffía Sigurðardóttir
Hugrún Harðardóttir
Nanna Jónsdóttir

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	- 4 -
TILGANGUR SKJALS	- 4 -
BAKGRUNNUR.....	- 5 -
MARKMIÐ	- 5 -
GEFNAR FORSENDUR	- 5 -
AFMÖRKUN	- 5 -
AFURÐIR VERKEFNIS	- 6 -
TÍMASKORÐUR	- 6 -
FJÁRHAGSLEGAR SKORÐUR	- 7 -
VIÐSKIPTAFÆRI.....	- 7 -
ÁHÆTTUMAT.....	- 8 -
VERKÁÆTLUN.....	- 8 -
GANTTRIT.....	- 9 -
KOSTNAÐARÁÆTLUN:	- 9 -
SKIPULAG VERKEFNIS.....	- 10 -
FRAMVINDUSTÝRING.....	- 10 -
GÆÐAÁÆTLUN	- 11 -
MEDHÖNDLUN FRÁVIKA.....	- 11 -
VIÐAUKI I.....	- 12 -
VERKEFNISAFMÖRKUN	- 12 -
VIÐAUKI II	- 13 -
FRUMHÖNNUN KYNNINGARBÆKLINGS ÞRÍHNÚKAGÍGS	- 13 -
VIÐAUKI III.....	- 14 -
KOSTNAÐARÁÆTLUN ÚR MICROSOFT PROJECT.....	- 14 -
VIÐAUKI IV	- 14 -
VIÐSKIPTAFÆRI	- 15 -
VIÐAUKI V	- 17 -
ÁHÆTTUMAT VERKEFNIS.....	- 17 -



VIDAUKI VI	- 18 -
FUNDARSKEMA FYRIR VERKEFNIÐ.....	- 18 -
VIDAUKI VII	- 19 -
HAGSMUNAAÐILAR.....	- 19 -
VIDAUKI VIII	- 20 -
FUNDARSKRÁNING 1.....	- 20 -
FUNDARSKRÁNING 2.....	- 21 -
FUNDARSKRÁNING 3.....	- 22 -
FUNDARSKRÁNING 4.....	- 23 -
FUNDARSKRÁNING 5.....	- 24 -
FUNDARSKRÁNING 6.....	- 25 -
FUNDARSKRÁNING 7.....	- 26 -
FUNDARSKRÁNING 8.....	- 27 -
FUNDARSKRÁNING 9.....	- 28 -



Kynningarbæklingur Þríhnúkagígs	Útgáfa skjals:
Lýsing: Gerð kynningarbæklings til að kynna náttúruperluna Þríhnúkagíg fyrir almenningi á Íslandi og ferðamönnum.	Dagsetning: 12. apríl 2006
Deild: Samráð og kynningar	Ábyrgðarmaður skjals: Hugrún Harðardóttir

Samantekt

Í skjali þessu verður gerð grein fyrir verkefnisáætlun fyrir kynningarbækling um Þríhnúkagíg. Undirbúningur að gerð þessarar skýrslu hófst í febrúar 2006 og lauk í byrjun apríl sama ár. Unnið er að ýmsum áætlunum sem hafa með lokaútfærslu þessa ferðamannastaðar að gera, sem verða notaðar við gerð heildarkostnaðar- og tímaáætlana, og er þetta verkefni aðeins einn þáttur þess. Verkefnið skiptist í sex skilaáfangi sem greinast svo í þrettán verkþætti. Gert er ráð fyrir að þetta verkefni muni hefjast á vormánuðum 2010 og eru nákvæmar tímasetningar tilgreindar í skjalinu.

Tilgangur skjals

Þetta skjal lýsir verkefninu Kynningarbæklingur Þríhnúkagígs. Það leggur grunninn að ákvarðanatöku og stjórnun verkefnisins. Í skjalinu er lögð áhersla á að lýsa því hvernig staðið verður að verkefninu og er það hugsað sem handbók fyrir þátttakendur. Lýst er markmiðum og skipulagi verkefnisins, helstu verkþáttum, afurðum og svo framvegis. Í skjalinu er einnig tiltekið hversu miklu má kosta til verkefnisins, hvenær verkefninu skal ljúka og hverjar eru væntingar til ávinnings.

Gert er ráð fyrir að þetta skjal taki litlum breytingum eftir að stjórnhópur verkefnisins hefur samþykkt það. Vísað verður til þessa skjals við alla meiri háttar ákvarðanatöku í verkefninu. Það verður einnig notað við lok verkefnisins til að leggja mat á stjórnun þess og verður lagt til grundvallar við mat á því hvort verkefnið hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt í upphafi.



Bakgrunnur

Þríhnúkagígur er stærsta og merkilegasta náttúrufyrrbrigði sinnar tegundar á jörðinni og er getið sérstaklega sem slíks í alfræðibók um kalkjarðlagasvæði, kalk og hraunhella: *Encyclopedia of Caves and Karst Science*, ritstj. John Gunn, útg. Fitzroy Dearborn

Félagið Þríhnúkar ehf. hefur verið stofnað með það að markmiði að gera gíg þennan aðgengilegan almenningi. Jafnframt mun félagið gera viðeigandi ráðstafanir til að varðveita gígin og umhverfi hans út frá umhverfissjónarmiðum. Stofnendur félagsins voru með þeim fyrstu til að síga í gígin og hafa lengi haft hug á þessu verkefni. Nauðsynlegt er að gerður verði kynningarbæklingur með það að sjónarmiði að kynna leyndardóma Þríhnúkagígs fyrir almenningi á Íslandi og erlendum ferðamönnum.

Markmið

Markmið verkefnisins er að kynna Þríhnúkagíg fyrir landsmönnum og verður það gert með því að dreifa bæklingnum inn á sem flest heimili í landinu. Einnig er stefnt að því að ná til erlendra ferðamanna sem koma til Íslands. Það verður gert í samvinnu við fyrirtæki sem flytja ferðamenn til landsins. Mikilvægt er að kynna svæðið vel svo að reksturinn standi undir sér. Gert er ráð fyrir að dreifing bæklingins nái til 75% ferðamanna og 80% heimila.

Gefnar forsendur

Forsenda verkefnisins er sú að ákvörðun hafi verið tekin um að fara í framkvæmdir við að gera Þríhnúkagíg aðgengilegan almenningi og miðað er við að áætluð verklok séu 1.júní 2010.

Afmörkun

Þættir innan verkefnisins eru:

- Söfnun styrkja/auglýsinga og samkomlagi náð við samstarfsaðila
- Gerð bæklinga
- Skipulagning dreifingaleiða, en dreifingin sjálf er utan þessa verkefnis g verður í höndum annarra aðila

Þættir utan verkefnisins eru:

- Þríhnúkar ehf. hafa alfarið umsjón með framkvæmdum á svæðinu
- Reynt veður að semja um dreifingu við: Icelandair, Iceland Express, Fréttablaðið, upplýsingamiðstöðvar og hótél

Sjá verkefnisafmörkun í viðauka I.




Afurðir verkefnis

Afurð verkefnisins er kynningarbæklingur í stærðinni 100x210 mm ("túristabrot"). Sjá uppsetningu í viðauka II. Teknar verðar myndir, bæði af svæðinu í kring og inni í gígnum sjálfum. Gert verður ráð fyrir að Þríhnúkar ehf. geti notfært sér þessar myndir í annarri markaðssetningu og mun fyrirtækið því bera hlutfallslegan kostnað af myndunum í samræmi við það.

Tímaskorður

Mikilvægt er að bæklingurinn sé tilbúinn og farinn í dreifingu áður en Þríhnúkagígur verður opnaður almenningi. Vinna getur þó ekki hafist að fullu fyrr en svæðið er að mestu tilbúið þar sem myndir af svæðinu fullgerðu skulu vera í bæklingnum. Tímaskorður eru því bæði við byrjun og enda. Áætlað er að vinna við bæklinginn hefjist 1.mars 2010 og taki 15 daga. Gert er ráð fyrir að dreifing geti hafist eigi síðar en 15.mai 2010.

AOA – tengslanet samkvæmt líklegasta tíma – 15 dagar



Mynd 1: Sýnir líklegasta tíma með AOA tengslaneti

Aðgerðatími og frávik

Aðgerð	Bjartsýni <i>a</i>	Líklegast <i>m</i>	Svartsýni <i>b</i>	Væntanlegur tími <i>t_e</i>	Frávik $V = \frac{(b-a)}{6} \cdot 2$
A – Greining	3	5	7	5	0,44
B – Myndataka	3	5	7	5	0,44
C – Öflun upplýsinga	2	3	5	3	0,25
D – Úthringing	3	5	10	6	1,36
E – Myndvinnsla	1	2	3	2	0,11
F – Ritun texta	2	3	5	3	0,25
G – Val á myndum	1	1	2	1	0,03
H – Þýðing	1	1	3	1	0,11
I – Uppsetning	1	2	3	2	0,11
J – Prentun	2	3	4	3	0,11


*tími er í dögum

*bundna leiðin er feitleitruð



AOA – tengslanet

þegar búið er að reikna líklegustu tímalengd verkefnis með PERT – $t_e = 16$ dagar



Mynd 2: Sýnir PERT rit þegar búið er að reikna líklegustu tímalengd

Fjárhagslegar skorður

Áætlaður kostnaður verkefnisins er 2.600.000 kr. Reynt verður eftir fremsta megni að fjármagna kynningarbæklinginn með styrkjum og auglýsingum, en náist það ekki fellur umframkostnaður á Þríhnúka ehf. Verði hagnaður af gerð bæklingis mun hann vera notaður í frekari kynningarstörf. Allar tölur eru miðaðar við verðlag í dag, gera má ráð fyrir vísitölubreytingum en þær ná þá til allra þátta verkefnisins, þar með talið styrkja og auglýsinga og skipta því ekki máli við kostnaðarmat.

Sjá kostnaðaráætlun í viðauka III.

Viðskiptafæri

- Beinn ávinningur af útgáfu kynningarbæklingis er að ná í viðskiptavini fyrir Þríhnúkagígs. Óbeinn ávinningur er aukning á fjölda ferðamanna til Íslands.
- Ávinningi er náð fram með því að dreifa kynningarbæklingi á flest öll heimili á Íslandi, á allar upplýsingamiðstöðvar á landinu sem og hótél. Einnig verður kynningarbæklingi dreift erlendis á vegum samstarfsaðila.
- Gert er ráð fyrir að prenta 180.000 eintök í fyrsta upplagi.
- Með samstarfi við auglýsendur, styrktaraðila og aðra samstarfsaðila er áætlað að nægilega mikið fjármagn fái til að kosta gerð bæklingisins.

Sjá nánari lýsingu á viðskiptafæri í viðauka IV.




Áhættumat

Þeir áhættuþættir sem vega þyngst snúa að innri vandamálum og er það mat hópsins að helsta áhættan liggi annars vegar í því að gerð bæklingins standist ekki tímaáætlun og verði því ekki tilbúinn þegar svæðið verður opnað almenningi og hins vegar að kostnaður fari fram úr áætlun.

Helsti áhættuþáttur sem snýr að ytri vandamálum er að framkvæmdir við Þríhnúkagíg og svæðið þar í kring standist ekki tímaáætlun, sem myndi leiða til þess að töf yrði á verkþáttum eins og til dæmis myndatöku. Það myndi seinka verkefninu í heild.

Sjá nánar um áhættumat í viðauka V.

Verkátætlun




Mynd 3: Sýnir skilaáfanga og verkþætti verkefnisins



Verkefnið skiptist í 6 skilaáfangi og 13 verkþætti. Byrja þarf á greiningarvinnu til að finna hentuga aðila til þess að auglýsa, styrkja eða verða samstarfsaðilar að verkefninu. Taka þarf myndir og vinna þær ásamt því að skrifa texta og þýða hann yfir á þrjú erlend tungumál. Hanna þarf bæklingin með tilliti til stærðar, lögunar, textagerðar og pappírs. Leitað verður tilboða í prentun.

Gantttrít



Mynd 5: Sýnir verkefni á myndrænan hátt, unnið í Microsoft Project

Á Gantttritinu hér að ofan sjást þeir verkþættir sem mynda bundnu leið verkefnisins (rauða leiðin). Þessir verkþættir mega ekki dragast þar sem öllu verkefninu myndi seinka við það, aðrir verkþættir sem ekki eru á bundnu leiðinni hafa slaka sem veita aukið svigrúm


Kostnaðaráætlun:

Heildarkostnaður verkefnisins er 2.526.000 kr. Helstu kostnaðarþættir felast í vinnulaunum verkefnisteymis þessa verkefnis, vinnulaunum við söfnun auglýsinga og styrkja, ljósmyndun, textagerð, þýðingu yfir á erlend tungumál, uppsetningu og prentun bæklingisins sem er dýrast liður þessa verkefnis. Kostnaður mun falla til eftir lok hvers verkþáttar (sjá nánar í fjárstreymi). Kostnaðaráætlun hefur verið sett upp í Microsoft Office Project.

Sjá sundurlíðun í viðauka III.



Skipulag verkefnis



Mynd 6: Skipulag verkefnisins kynningarbæklingur Þríhnúka

Stofnaður verður hópur innan fyrirtækisins Þríhnúka ehf. sem samanstendur af fimm aðilum þar sem hver og einn sér um ákveðinn hluta verkefnisins. Verkefnahópurinn hefur aðgang að öllum deildum Þríhnúka ehf. eftir þörfum. Sjá má á mynd 6 hvernig skipurit verkefnisins og skipurit fyrirtækisins tengjast.

Framvindustýring

Ábyrgðaraðili framvindustýringar

Verkefnisstjóri verður ábyrgur fyrir því að fylgjast með framvindu verkefnis, bæði hvað varðar tímaáætlanir og kostnaðaráætlanir.



Gögn notuð fyrir framvindustýringu:

Tímaáætlun

Til þess að fylgjast með hvernig verkefnið stenst tímaáætlun verður stuðst við Gantt-rit. Einn ábyrgðaraðili er yfir hverjum verkþætti og sér hann um að tilkynna verkefnisstjóra um framvindu verkþáttarinnar og láta vita af væntanlegum tögum eða ef búist er við að verkþætti muni ljúka á undan áætlun.

Notast verður við sex stutta stöðufundi til að fylgjast með framvindu þar sem allir ábyrgðaraðilar hittast og bera saman bækur sínar (sjá skema í viðauka VI).

Mjög mikilvægt er að bæklingur sé tilbúinn og kominn í dreifingu fyrir opnun þríhnúkaþings og verður því að bregðast strax við tögum sem gætu seinkað verklokum. Verkefnastjóri hefur heimild til að bregðast við tögum með viðeigandi aðgerðum, svo sem með því að heimila yfirvinna.

Kostnaðaráætlun

Til þess að fylgjast með hvernig verkefnið stenst kostnaðaráætlun, verður stuðst við Kostnaðaráætlun í viðauka III. Ábyrgðaraðili hvers verkþáttar sér um að tilkynna verkefnisstjóra ef kostnaður fer fram úr áætlun. Stefnt er að því að styrkir og auglýsingatekjur standi undir kostnaði, en ef kostnaður fer fram úr styrkjum verður gengið á sjóði þríhnúka ehf. Verkefnisstjóri sér um að halda utan um heildarkostnað verkefnis.

Gæðaáætlun

Hver starfsmaður ber ábyrgð á einstaka verkþáttum og að gæði þeirrar þjónustu sem keypt er sé samkvæmt kröfum. Verkefnisstjóri er þó ábyrgur fyrir gæðum verkefnisins í heild.

Meðhöndlun frávíka

Skorður	Áætlun	Frávik	Ráðstafanir
Tími	15 dagar	+/- 2 dagar	Ef áætlun seinkar þá verður reynt að flýta öðrum verkþáttum. Gera má ráð fyrir auknum kostnaði við þær aðgerðir og gert er ráð fyrir honum í kostnaðaráætlun
Kostnaður	2.526.000 kr.	+/- 15%	Ef farið er fram úr kostnaðaráætlun er fengin fjárveiting hjá þríhnúkum ehf.



Viðauki I


Verkefnisafmörkun

Nafn verkefnis: Kynningarbæklingur Þríhnúkagígs	Dags.: 05.03.2006												
Verkefnisstjóri: Hugrún Harðardóttir													
1. Verkefnismarkmið: Gerð kynningarbæklings til að laða að gesti, innlenda og erlenda. Gert er ráð fyrir að fjöldi gesta mun aukast við útgáfu bæklingsins sem stefnt er að verði tilbúin til dreifingar 15.maí 2010.													
2. Forgangsröðun: Tími er í fyrsta forgangi í þessu verkefni, því mjög mikilvægt er að bæklingurinn verði tilbúinn áður en svæðið opnar X Tími Efnidir Kostnaður													
4. Skilaáfangar: <table border="0"> <tr> <td>1. Söfnun auglýsinga/styrktar- og samstarfsaðila</td> <td>10 dagar</td> </tr> <tr> <td>2. Ljósmyndun</td> <td>7 dagar</td> </tr> <tr> <td>3. Ritun texta</td> <td>6 dagar</td> </tr> <tr> <td>4. Þýðing</td> <td>1 dagur</td> </tr> <tr> <td>5. Uppsetning</td> <td>2 dagar</td> </tr> <tr> <td>6. Prentun</td> <td>3 dagar</td> </tr> </table>		1. Söfnun auglýsinga/styrktar- og samstarfsaðila	10 dagar	2. Ljósmyndun	7 dagar	3. Ritun texta	6 dagar	4. Þýðing	1 dagur	5. Uppsetning	2 dagar	6. Prentun	3 dagar
1. Söfnun auglýsinga/styrktar- og samstarfsaðila	10 dagar												
2. Ljósmyndun	7 dagar												
3. Ritun texta	6 dagar												
4. Þýðing	1 dagur												
5. Uppsetning	2 dagar												
6. Prentun	3 dagar												
5. Vörður: 1. Uppsetningu lokið													



Viðauki II

Frumhönnun kynningarbæklings Þríhnúkagígs

<p><i>Leyndardómar Þríhnúkagígs</i></p> 	<p><i>Mynd</i></p> <p><i>Texti</i></p> <p><i>Auglýsing</i></p>	<p><i>Texti</i></p> <p><i>Mynd</i></p> <p><i>Auglýsing</i></p>	<p>Forsíða</p>
--	--	--	----------------

100mm

<p><i>Mynd</i></p> <p><i>Auglýsing</i></p> <p><i>Texti</i></p>	<p><i>Texti</i></p> <p><i>Mynd</i></p>	  <p><i>Logo styrktar- aðila</i></p> <p><i>Auglýsing</i></p>	<p>210mm</p>
--	--	--	--------------



Viðauki III

Kostnaðaráætlun úr Microsoft Project

	Task Name	Total Cost	Variance	Actual	Remaining
1	- Kynningarbæklingur	2.426.000 kr.	-100.000 kr.	0 kr.	2.426.000 kr.
2	- Auglýsingastyrki og samstarfsaðilar	200.000 kr.	-100.000 kr.	0 kr.	200.000 kr.
3	Greining	100.000 kr.	0 kr.	0 kr.	100.000 kr.
4	Úthringing	100.000 kr.	-100.000 kr.	0 kr.	100.000 kr.
5	- Ljósmyndun	270.000 kr.	0 kr.	0 kr.	270.000 kr.
6	Myndataka	100.000 kr.	0 kr.	0 kr.	100.000 kr.
7	Myndvinnsla	40.000 kr.	0 kr.	0 kr.	40.000 kr.
8	- Textagerð	134.000 kr.	0 kr.	0 kr.	134.000 kr.
9	Ótlun upplýsinga	60.000 kr.	0 kr.	0 kr.	60.000 kr.
10	Ritun texta	74.000 kr.	0 kr.	0 kr.	74.000 kr.
11	Val á myndum	20.000 kr.	0 kr.	0 kr.	20.000 kr.
12	- Þýðing	102.000 kr.	0 kr.	0 kr.	102.000 kr.
13	Enska	34.000 kr.	0 kr.	0 kr.	34.000 kr.
14	Ísíska	34.000 kr.	0 kr.	0 kr.	34.000 kr.
15	Franska	34.000 kr.	0 kr.	0 kr.	34.000 kr.
16	Uppsetning	140.000 kr.	0 kr.	0 kr.	140.000 kr.
17	Prentun	1.560.000 kr.	0 kr.	0 kr.	1.560.000 kr.



Viðauki IV

Viðskiptafæri

Forsendur

Forsendur verkefnisins eru þær að farið verði í uppbyggingu Þríhnúka og miðað er við áætluð verklok 1.júní 2010.

Bakgrunnur

Félagið Þríhnúkar ehf. hefur unnið að því markmiði að Þríhnúkagígur verði gerður aðgengilegur almenningi jafnframt því að varðveita gíginn og umhverfi hans út frá umhverfissjónarmiðum. Fram til þessa hefur aðeins verið fjallað um Þríhnúkagíg á fræðilegan hátt í hinum ýmsu tímaritum og dagblöðum.

Nauðsynlegt verður að markaðssetja svæðið þegar framkvæmdum er lokið og því er ákveðið að útbúa verkefnisáætlun fyrir kynningarbækling um svæðið sem verður hluti af markaðssetningu Þríhnúka ehf.

Ávinningur

Ávinningur af útgáfu kynningarbæklings er að ná í viðskiptavini, talið er að ná þurfi í 20.000 – 30.000 gesti á ári til að standa undir rekstrar- og fjármagnskostnaði verkefnisins í heild, þ.e. Þríhnúkagígs. Miðað við að aðgangseyrir verði 1.500 kr og að fjöldi gesta verði um 20.000 á ári náum við 30 milljónum í innkomu sem mætti að hluta til rekja til umrædds bæklings. Óbeinn ávinningur væri fyrir ferðaþjónustu á Íslandi.

Hvernig er ávinningi náð fram

Verkefni þetta felur í sér eftirfarandi þætti: ná samkomulagi við styrktar- og samstarfsaðila, sala auglýsinga, myndataka, textagerð, þýðing yfir á önnur tungumál, uppsetning bæklings og prentun. Ef samningar við samstarfsaðila nást mun bæklingi verða dreift með Fréttablaðinu, þar sem dreifing þess nær til 90.000 heimila sem er um 85% af öllum heimilum í landinu. Auk þess mun honum verða dreift á upplýsingamiðstöðvar og hótél um land allt. Erlendis mun dreifing verða á vegum samstarfsaðila, Icelandair og Iceland Express.



Kostnaður

Kostnaðarþættir eru eftirfarandi:

- Ljósmyndun
- Ritun texta
- Þýðing
- Uppsetning og prentun
- Dreifing
- Vinna við stjórnun

Áætlað er að fjármagna gerð bæklingins með auglýsingum og styrkjum, náist það ekki mun félagið Þríhnúkar ehf. leggja til fjármagn.

Fjárstreymi

Gert er ráð fyrir að styrkir og tekjur af auglýsingum komi inn á tímabilinu 14.mars – 1.apríl. Samið verður um greiðslufrest á hverjum verkþætti þar sem reynt verður eftir fremsta megni að hafa gjalddaga eigi fyrr en mánuði eftir að verkþætti lýkur, með því móti mun fjármagn vera til fyrir öllum greiðslum þegar þær falla til. akist þessi áætlun ekki munu Þríhnúkar ehf. leggja til fjármagn tímabundið.

N R	Verkþáttur	Verkþáttur hefst	Verkþætti lýkur	Dags fjárstreymis		Fjárstreymi
1	Söfnun styrkja/sala auglýsinga	01.03.10	12.03.11	14.03 - 01.04.10	+	2426000
2	Ljósmyndun	01.03.10	09.03.11	09.04.10	-	-270000
2	Ritun texta	01.03.10	08.03.11	08.04.10	-	-134000
3	Þýðing	09.03.10	09.03.11	09.04.10	-	-102000
4	Uppsetning	03.03.10	16.03.11	17.04.10	-	-140000
4	Prentun	16.04.10	19.04.11	19.04.10	-	-1560000

Líftími afurðar

Gert er ráð fyrir að prenta 180.000 eintök í fyrsta upplagi. Áætlað er að það nægi til markaðskynningar fyrsta árið. Prenta skal annað upplag eftir þörfum.

Arðsemismat

Með því að fara í samstarf með auglýsendum, styrktaraðilum og öðrum samstarfsaðilum er hægt að afla nægs fjármagns til að standa undir hönnun, prentun og dreifingu bæklingins. Einnig er möguleiki á hagnaði sem hægt væri að nota til að greiða niður kostnað við frekara kynningarstarf. Búast má við miklum kostnaði í formi tekjutaps sé ekki gefinn út bæklingur til að kynna Þríhnúka því án kynningar má búast við minni aðsókn.



Viðauki V

Áhættumat verkefnis

Innri vandamál

Lýsing	Líkur	Afleiðingar	Áhætta	Ráðstafanir
Gerð bæklinga stenst ekki tímaáætlun	2	5	10	Gera tímaáætlun og fylgja henni eftir
Kostnaður fer fram úr áætlun og tefur byrjun verkþátta	1	4	4	Gera ítarlega kostnaðaráætlun og fylgja henni eftir
Samningar nást ekki við auglýsendur	2	3	6	Gera bindandi samninga við auglýsendur áður en gerð bæklinga hefst
Samningar nást ekki við styrkjendur	2	3	6	Gera bindandi samninga við styrkjendur áður en gerð bæklinga hefst
Samningar um dreifingu bæklinga nást ekki	1	2	2	Gera bindandi samninga við dreifingaraðila áður en gerð bæklinga hefst

Ytri vandamál

Lýsing	Líkur	Afleiðingar	Áhætta	Ráðstafanir
Framkvæmdir á þríhnúkgígum standast ekki áætlun	2	5	10	Lítið hægt að gera annað en að fylgjast vel með framkvæmdum áður en farið er af stað með verkefnið

Útskýringar á mati

Líkindi á að ástand skapast:		Afleiðingar ef ástand skapast:
Mjög líklegt	5	Stórkostlegar
Líklegt	4	Miklar
Frekar líklegt	3	Nokkrar
Ólíklegt	2	Litlar
Mjög ólíklegt	1	Smávægilegar



Viðauki VI

Fundarskema fyrir verkefnið

Gerð:	Efni:	Tíðni:	Tímalengd:
Ræsfundur	Verkefni sett af stað og línur lagðar varðandi mikilvæg málefni	Í upphafi verks	3-4 klst
Stýrihópsfundur	Teknar stórar ákvarðanir og leyst úr ýmsum málum	1 fundur	1 klst
Stöðufundur	Farið yfir stöðu verkefnis m.t.t kostnaðar og tíma	1 fundur	30 mín
Greiningarfundur	Farið yfir stöðu og teknar saman helstu tölur	1 fundur	1 klst
Fundur með markaðsdeild Þríhnúka ehf.	Farið yfir stöðu verkefnis og komið með tillögur að breytingum ef einhverjar eru	1 fundur	2 klst
Lokafundur	Verkefni lokað. Frammistaða metin og hvað er hægt að læra af reynslunni	Í lok verks	1 klst



Viðauki VII

Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilar	Verkefni: Kynningarbæklingur Þríhnúka		Verkefni nr.: 007	Verkefnisstjóri: Hugrún Harðardóttir
Staða:	Þríhnúkar ehf	Ferðamálaráð Íslands, Samtök ferðaþjónustu	Icelandair, Iceland Express	Kynnisferðir og aðrir samstarfsaðilar
Áhugasvið innan verkefnis:	Eigandi verkefnis	Efling ferðaþjónustu á Íslandi	Samstarf við eina af merkustu náttúruperlum Íslands	Samstarf við eina af merkustu náttúruperlum Íslands
Mögulegt framlag til verkefnis:	Upplýsingagjöf og ráðgjöf	Styrkveiting	Auglýsingar/ Dreifing erlendis	Auglýsingar
Mögulegir hagsmunir eða tap vegna árangurs verkefnis?	Eykur straum ferðamanna á staðinn/eykur arðsemi/ umhverfisrask	Aukning ferðamanna til Íslands/eykur arðsemi ferðaþjónustu í heild	Aukin viðskipti	Aukin viðskipti með ferðum á svæðið
Hvaða áhrif hefur hagsmunaaðili á árangur þessa verkefnis?	Upplýsingagjöf og ráðgjöf	Með styrkveitingum	Með dreifingu bæklinga, auglýsingum erlendis	Með skipulögðum ferðum á svæðið
Hugarfar gagnvart verkefni?	Jákvætt	Jákvætt	Jákvætt	Jákvætt
Af hverju stafar þetta hugarfar?	Kynnir og markaðssetur Þríhnúka	Aukning ferðamanna til Íslands/eykur arðsemi ferðaþjónustu í heild	Aukning ferðamanna til Íslands/ Aukin viðskipti fyrir flugfélögin	Aukin viðskipti
Hversu mikil er þátttaka hagsmunaaðila í verkefninu?	Mikil. Bæklingurinn byggir á upplýsingum frá Þríhnúkum	Meðal. Styrkir, auðveldar gerð og útgáfu	Mikil. Dreifing bæklinga á ferðaskrifstofum Icelandair erlendis, eykur enn frekar sölumöguleika beggja fyrirtækja á ferðum til Íslands.	Meðal



Viðauki VIII

Fundarskráning 1

Dagsetning fundar : 01.03.2006

Fundarstjóri : Hugrún Harðardóttir
Fundarritari : Nanna Jónsdóttir
Fundarstaður : Háskólinn í Reykjavík

Þátttakendur : Anna Stella Guðjónsdóttir, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, Guðrún Soffía Sigurðardóttir, Hugrún Harðardóttir og Nanna Jónsdóttir

Efni fundarins : "Ræs" fundur vegna verkefnisvinnu við Þríhnjúkagíga

Umræður :

1. "Brainstormað" var um afmörkun verkefnisins. Ýmsar hugmyndir komu í ljós, sú hugmynd sem fundarmönnum leist best á var að gera verkefnisáætlun fyrir kynningarbækling þríhnjúkagígs. Fundarmenn veltu því fyrir sér hvort bæklingur yrði gerður fyrir gesti/ferðamenn eða fjárfesta verkefnisins. Eftir ítarlegar umræður var ákveðið að gera bækling fyrir gesti/ferðamenn þríhnjúkagígs.

2. Einnig var rætt um vikulegan fundartíma, þar sem fundarmenn kæmu saman og ynnu verkefnið. Ákveðið var að þessir fundir yrðu á laugardögum og myndu hefjast kl.13:00 en tímalengd yrði misjöfn – fer eftir staðsetningu verkefnisins.

Niðurstöður fundar :

Ákveðið var að afmarka verkefnið við kynningarbækling þríhnjúkagígs.

Fyrir næsta fund / verkefnalisti :

Fundarmeðlimir kynni sér itarefni frá kennara.

Næsti fundur :

Laugardaginn 04. mars 2006 í Háskólanum í Reykjavík, klukkan 13:00.



Fundarskráning 2

Dagsetning fundar : 04.03.2006

Fundarstjóri : Hugrún Harðardóttir
Fundarritari : Nanna Jónsdóttir
Fundarstaður : Háskólinn í Reykjavík

Þátttakendur : Anna Stella Guðjónsdóttir, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, Guðrún Soffía Sigurðardóttir, Hugrún Harðardóttir og Nanna Jónsdóttir.

Efni fundarins : Nánari afmörkun verkefnisins, skilgreina viðskiptafæri og ákveða hvaða verkefnistól ætti að styðjast við/nota.

Umræður :

1. Fundarmenn voru allir sammála um að gerð kynningarbæklings væri sú afmörkun sem verkefnishópurinn vill fjalla um.
2. Ákveðið var að nota PRINCE2 skjöl, sem finna má á vefsíðunni www.stefni.is, sem það verkefnistól sem notast skal við vinnslu verkefnisins.
3. Vinna byrjaði við að skoða skjölin og finna hvað átti við okkar verkefni.

Niðurstöður fundar :

PRINCE2 skjöl eru þau verkefnistól sem nota skal við verkefnið.

Fyrir næsta fund / verkefnalisti :

Fundarmenn kynni sér vel þau skjöl sem þeir telji best kosturinn við notkun. Áframhaldandi vinna við PRINCE2 skjöl.

Næsti fundur :

Sunnudaginn 05. mars 2006 í Háskólanum í Reykjavík, kl. 15:00.



Fundarskráning 3

Dagsetning fundar : 05.03.2006

Fundarstjóri : Hugrún Harðardóttir
Fundarritari : Nanna Jónsdóttir
Fundarstaður : Háskólinn í Reykjavík

Þátttakendur : Anna Stella Guðjónsdóttir, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, Guðrún Soffía Sigurðardóttir, Hugrún Harðardóttir og Nanna Jónsdóttir.

Efni fundarins : Vinnufundur, haldið var áfram að vinna með PRINCE2 skjölin.

Niðurstöður fundar :
Fyrsti hluti verkefnisins tilbúinn.

Fyrir næsta fund :
Fundarmenn kynni sér annan hluta verkefnisins, vinna við þann part mun hefjast á næsta fundi.

Næsti fundur :
Laugardaginn 11. mars 2006 í Háskólanum í Reykjavík, kl. 13:00.



Fundarskráning 4

Dagsetning fundar : 11.03.2006

Fundarstjóri : Hugufrún Harðardóttir
Fundarritari : Nanna Jónsdóttir
Fundarstaður : Háskólinn í Reykjavík

Þátttakendur : Anna Stella Guðjónsdóttir, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, Guðrún Soffía Sigurðardóttir, Hugufrún Harðardóttir og Nanna Jónsdóttir.

Efni fundarins : Byrja vinnu við annan hluta verkefnisins í Microsoft Project, sett upp Gantttrit og kostnaðaráætlun.

Niðurstöður fundar :

Vinna við Gantttrit nánast lokið, en eftir er að leggja lokahönd á frágang

Fyrir næsta fund / verkefnalisti :

Lesi í námsefni um Microsoft Project og athuga hvort eitthvað sé þar að finna sem hugsanlega gæti nýst við annan hluta verkefnisins

Næsti fundur :

Laugardaginn 18. mars 2006 í Háskólanum í Reykjavík, klukkan 16:00.



Fundarskráning 5

Dagsetning fundar : 18.03.2006

Fundarstjóri : Huguín Harðardóttir
Fundarritari : Nanna Jónsdóttir
Fundarstaður : Háskólinn í Reykjavík

Þátttakendur : Anna Stella Guðjónsdóttir, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, Guðrún Soffía Sigurðardóttir, Huguín Harðardóttir og Nanna Jónsdóttir.

Efni fundarins : Vinnufundur:

1. Haldið var áfram að vinna með MS Project.
2. Tengsl skipurita Þrihnúka og verkefnahóps kynningabæklings.
3. Kostnaðarmat.

Niðurstöður fundar :

Annar hluti verkefnisins tilbúinn.

Fyrir næsta fund :

Fundarmeðlimir kynni sér þriðja hluta verkefnissins.

Næsti fundur :

Laugardaginn 25. mars 2006 í Háskólanum í Reykjavík, klukkan 13:00.



Fundarskráning 6

Dagsetning fundar : 25.03.2006

Fundarstjóri : Hugrún Harðardóttir
Fundarritari : Nanna Jónsdóttir
Fundarstaður : Háskólinn í Reykjavík

Þátttakendur: Anna Stella Guðjónsdóttir, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, Guðrún Soffía Sigurðardóttir, Hugrún Harðardóttir og Nanna Jónsdóttir.

Efni fundarins : Vinna við þriðja hluta verkefnis hefst.

Umræður :

1. Verkefnisafmörkun var rædd þar sem dreifing bæklinga var ekki alveg á hreinu. Voru skiptar skoðanir um hvort dreifing félli innan verkefnis eða utan.
2. SVOT greining: umræður um hvort ætti að gera SVÓT greiningu fyrir verkefnið

Niðurstöður fundar :

Tekin var ákvörðun um að dreifing félli utan verkefnis og að ekki yrði gerð SVÓT greining.

Fyrir næsta fund / verkefnalisti :

Halda áfram með þriðja hluta verkefnis. Skoða námsefni með tilliti til síðasta hlutarins

Næsti fundur :

Mánudaginn 27 mars 2006 í Háskólanum í Reykjavík, klukkan 16:15.



Fundarskráning 7

Dagsetning fundar : 27.03.2006

Fundarstjóri : Hugrún Harðardóttir
Fundarritari : Nanna Jónsdóttir
Fundarstaður : Háskólinn í Reykjavík

Þátttakendur : Anna Stella Guðjónsdóttir, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, Guðrún Soffía Sigurðardóttir, Hugrún Harðardóttir og Nanna Jónsdóttir.

Efni fundarins :
Haldið áfram með vinnu við þriðja hluta verkefnisins.

Umræður :
Farið yfir hvernig útlit verkefnis eigi að vera og komið með tillögur að uppsetningu. Þetta skoðað með hliðsjón af PID skjali

Niðurstöður fundar :
Komin drög að heildarútliti verkefnis

Fyrir næsta fund / verkefnalisti :
Halda áfram með vinnu við þriðja hluta verkefnisins.

Næsti fundur :
Föstudaginn 31. mars 2006 í Háskólanum í Reykjavík, klukkan 16:15.



Fundarskráning 8

Dagsetning fundar : 31.03.2006

Fundarstjóri : Huguín Harðardóttir
Fundarritari : Nanna Jónsdóttir
Fundarstaður : Háskólinn í Reykjavík

Þátttakendur : Anna Stella Guðjónsdóttir, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, Guðrún Soffía Sigurðardóttir, Huguín Harðardóttir og Nanna Jónsdóttir.

Efni fundarins : Vinnufundur, sett upp gróf mynd af útliti verkefnisins

Niðurstöður fundar :
Þriðji hluti verkefnisins tilbúinn.

Fyrir næsta fund :
Fundarmeðlimir fari vel yfir PID skjalið og allir komi með athugasemdir.

Næsti fundur :
Miðvikudaginn 12. apríl 2006 í Háskólanum í Reykjavík, klukkan 09:00.



Fundarskráning 9

Dagsetning: 12.04.2006

Fundarstjóri : Huguín Harðardóttir
Fundarritari : Nanna Jónsdóttir
Fundarstaður : Háskólinn í Reykjavík

Þátttakendur : Anna Stella Guðjónsdóttir, Berglind Ósk Ragnarsdóttir, Guðrún Soffía Sigurðardóttir, Huguín Harðardóttir og Nanna Jónsdóttir.

Efni fundarins: Lögð lokahönd á frágang verkefnis

Niðurstöður fundar:
Prentað út og skilað

